Reykjavíkurborg
Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 20. júní 2020
R20060144

Borgarráð

***Smábýli 7, - sala á spildu vegna Hringvegar um Kjalarnes***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki sölu á hluta lands Smábýlis 7, landnúmer 125875 til Vegagerðarinnar vegna breikkunar Hringvegar um Kjalarnes.

Greinargerð:
Vegagerðin áformar breikkun Hringvegar um Kjalarnes á um 9 km kafla milli vegamóta Hvalfjarðarvegar í vestri og Varmhóla í austri. Kveðið er á um framkvæmdina í samgönguáætlun 2020 til 2023 og gert ráð fyrir að verkið verði unnið á þeim tíma. Framkvæmdin er liður í að bæta samgöngur og umferðaröryggi á þjóðvegum. Þannig munu aðskilnaður aksturstefna, fækkun og breytingar á tengingum og vegamótum bæta umferðaröryggi vegarins. Til þess að þetta verði mögulegt þarf Vegagerðin þarf að kaupa land af landeigendum vegna framkvæmdanna.

Kaupverð er kr.18.542 fyrir 73 fermetra lands.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:
Samkomulag og afsal dags 12. júní 2020.

Samið hefur:
AM Praxis ehf.
Reynir Karlsson hrl.
og lögg. fasteignasali
Sigtúni 42, 105 R.

# Samningur og afsal

Vegagerðin, kt. 680269-2899, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík, annars vegar, og Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsinu Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, hér eftir í samningi þessum nefnd landeigandi, hins vegar, gera með sér eftirfarandi samning og afsal í tengslum við framkvæmdir í landi Smábýlis 7, landnúmer 125875, vegna breikkunar Hringvegar (1) um Kjalarnes.

Nýtt landeignanúmer ________________ Nýtt fasteignanúmer ________________

**1. gr.**
*Land undir vegsvæði.*

Landeigandi eru þinglýstur eigandi Smábýlis 7, landnúmer 125875, Kjalarnesi, Reykjavík. Hann lætur af hendi land undir hliðarveg í landi jarðarinnar í tenglum við framkvæmdir við Hringveg um Kjalarnes, sbr. fylgiskjal 1 *uppdráttur/mynd Hringvegur um Kjalarnes Smábýli 7 125875 – Grunnmynd st. 20760-20840.*

Breidd vegsvæðis hliðarvega er 30 metrar, þ.e. 15 metrar frá miðlínu þeirra til hvorrar handar.

**Heildarflatarmál lands þ.e. þinglýst vegsvæðis verður alls 73 m²** sbr. fylgiskjal 2 *Hringvegur um Kjalarnes – Smábýli 7 125875 Grunnmynd – Hnitsettur uppdráttur.*

**2. gr.**
*Bætur fyrir land*

Svo sem að framan greinir er heildarflatamál lands undir veg 73 $m^2$. Vegagerðin greiðir því bætur sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Land undir vegsvæði | 73 $m^2$ | @254 kr./$m^2$ | 18.542 kr. |
| ***Samtals:*** | | | ***18.542 kr.*** |

Bæturnar verða inntar af hendi innan 30 daga frá þinglýsingu samnings þessa. Telst Vegagerðin þá réttur og löglegur eigandi ofangreindrar landspildu undir vegsvæði frá þeim degi. Bætur greiðast inn á reikning Eignasjóðs Reykjavíkurborgar kt. 621102-2220 nr. 0313-26-54780.

**3. gr.**
*Frágangur raskaðs lands.*

Vegagerðin mun annast frágang raskaðs lands.

**4. gr.**

*Fyrirvari vegna hækkunar bóta*

Komi til þess að aðrir landeigendur á Kjalarnesi en sá sem er aðili að samningi þessum, fái hærri bætur frá Vegagerðinni vegna lagningar Hringvegar um Kjalarnes, s.s. vegna úrskurða matsnefndar eignarnámsbóta, niðurstöðu dómsstóla eða samninga við Vegagerðina, skal hækka bætur samkvæmt samningi þessum í samræmi við það svo fyllsta jafnræðis sé gætt, enda sé um algerlega sambærilegar forsendur að ræða í málunum.

**5. gr.**

*Réttarfar*

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**6. gr.**

*Undirritun og þinglýsing*

Samningi þessum og afsali skal þinglýst. Vegagerðin ber allan kostnað af þinglýsingu, þ.m.t. stimpilgjöld.

Af samningi þessum eru gerð þrjú samhljóða eintök og halda aðilar einu hvor um sig en eitt eintak fer til þinglýsingar.

Öllu framanrituðu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín undir í viðurvist tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Reykjavík, 12. júní 2020

| F.h. Reykjavíkurborgar<br>með fyrirvara um samþykki borgarráðs | F.h. Vegagerðarinnar |
|---|---|
| EIGNASKRIFSTOFA REYKJAVÍKURBORGAR | VEGAGERÐIN |

Vottar að réttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði

| | |
|---|---|
| Nafn og kennitala 220356-5239 | Nafn og kennitala |

Fylgiskjöl:

1. Uppdráttur/mynd Hringvegur um Kjalarnes – Smábýli 7 125875 – Grunnmynd st. 20760-20840.
2. Uppdráttur/mynd Hringvegur um Kjalarnes Smábýli 7 125875 Grunnmynd – Hnitsettur uppdráttur.
3. Eyðublað F-550 Umsókn um skráningu nýrra landeigna í fasteignaskrá.

tsky. 1




Landmælingar: Vegagerðin
Hnitakerfi: ÍSN93 Hæðarkerfi: Landshæðarkerfi
Loftmyndataka og myndmæling: Loftmyndir ehf.
Flughæð: 3000m Möskvastærð: 10x10m.
Kortagerð: Vegagerðin

0 40 80 120 160 200m

| | | | |
|---|---|---|---|
| Miðlína | Öxl | Reiðstígur | Nýtt vegsvæði |
| Kantlína | Hjólastígur | Núverandi vegsvæði | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vegagerðin | | Hringvegur um Kjalarnes<br>Smábýli 7 vegsvæði - 125875 | Dags. 11.03.2019 |
| Mælikvarði 1:4.000 1:1.000 | Hannað - | | Útboðsnr. - |
| | Teiknað MO | Grunnmynd | Vegnr. 1-f5 |
| | Yfirfarið - | | Hönnunarstig grg |
| Blaðstærð A3 | Samþykkt - | Vegsvæði st. 20760-20840 | Teikn. nr. W-25 / Útg. A |

S:\Mannvirki\111-n1_f5_f7 2+1 vegur um Kjalarnes\01 Grunngögn\Landakaup\1-f5_sra_Landeigendateikningar_2019\1-f5_sra_Landeigendateikningar_2019.01.23.dgn

Fylgiskjal 3

## GREINARGERÐ VEGNA KAUPA VEGAGERÐARIN AR Á VEGSVÆÐI UNDIR NÝJAN VEG ÚR LANDI SMÁBÝLIS 7 Á KJALARN. REYKJAVÍKURBORG.

Óskað er eftir að stofna spildu samkvæmt uppdrætti þessum undir vegsvæði úr landi Smábýlis 7.
Flatarmál lands undir vegsvæði í landi Smábýlis 7 sem landeigandi afsalar verður skipt út úr jörðinni. Heildarflatarmál þinglýsts svæðis er alls 73 m².
Heiti lands er Smábýli 7 vegsvæði og heiti upprunalands er Smábýli 7 og landnúmer er 125875.
Breidd vegsvæðis er 30 m, þ.e. 15 m til hvorrar handar út frá miðlínu hliðarvega.

HNITASKRÁ VEGLÍNU
1-f5_ver_2020.01.16_
Veglína landakaup.alg
Gert/dags:MO 16.1.2020 18:24

Hliðaravegur 2

| STÖÐ | AUSTUR | NORÐUR |
|---|---|---|
| 2295.88 | 364199.71 | 416056.80 |
| 2776.82 | 363963.64 | 416475.81 |

HNITASKRÁ PUNKTA

| | | |
|---|---|---|
| 1. | A=364144.79 | N=416183.95 |
| 2. | A=364098.56 | N=416264.58 |
| 3. | A=364099.37 | N=416265.46 |
| 4. | A=364145.08 | N=416184.35 |




Áritun byggingafulltrúa

SMÁBÝLI 7 - VEGSVÆÐI
Breidd vegsvæðis er 30 m, þ.e. 15 m til hvorrar handar út frá miðlínu hliðarvega.
Stærð vegsvæðis er 73 m².

0 100 200 300 400 500m

Landmælingar: Vegagerðin
Hnitakerfi: ISN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet
Loftmyndataka og myndmæling: Loftmyndir ehf.
Flughæð: 3000m Möskvastærð: 10x10m.
Kortagerð: Vegagerðin

| Vegagerðin | | Hringvegur um Kjalarnes | Dags. 28.01.2020 |
|---|---|---|---|
| Mælikvarði 1:100.000 1:10.000 1:2.000 | Hannað - | Smábýli 7 vegsvæði - 125875 | Útboðsnr. - |
| | Teiknað MO | Grunnmynd | Vegnr. 1-f5 |
| | Yfirfarið - | Vegsvæði | Hönnunarstig grg |
| Blaðstærð A4 | Samþykkt - | | Teikn. nr. W-25 / Útg. A |

S:\Mannvirki\11-f1_f5_f7 2+1 vegur um Kjalarnes\01 Grunngögn\Landakaup\1-f5_srá_þinglýsingateikningar_ 2019\1-f5_srá_þinglýsingateikningar_2020.01.25.dgn

Eyðublað F-550, Útg.21

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

# F-550 Umsókn um skráningu nýrra landeigna í fasteignaskrá

Skv. 14. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna.

**Dagsetning** ______________________

**1. Eign**

Heiti upprunalandeignar ______________________

Landeignanúmer upprunalandeignar ______________________

*Sex tölustafir og sleppa L fyrir framan*

Sveitarfélag ______________________

Heiti nýrra landeigna ______________________

Fjöldi nýrra landeigna ______________________

Mannvirki sem fylgja (mhl.nr.) ______________________

**2. Greiðandi**

Fullt nafn ______________________

Kennitala ______________________

**3. Tengiliður**

Nafn ______________________

Kennitala ______________________

Sími ______________________

Netfang ______________________

**4. Undirskriftir eigenda**

141258-4279 [signature]

Kennitala | Undirskrift

EIGNASKRIFSTOFA REYKJAVÍKURBORGAR

______________________ ______________________

Kennitala | Undirskrift

______________________ ______________________

Kennitala | Undirskrift

**5. Skil á eyðublaði**

Vinsamlegast notið bakhlið þessa eyðublaðs til undirskrifta eigenda ef þörf er á fleiri línum. Hnitsettur uppdráttur af afmörkun landeignar skal fylgja þessu eyðublaði og því skilað til viðkomandi sveitarfélags. Innheimt er gjald fyrir stofnun fasteignar skv. gjaldskrá ÞÍ.